

Áfangastaðaáætlun

Hvað er Áfangastaðaáætlun?

Fyrsta áfangastaðaáætlunin sem gefin var út árið 2018 var samkvæmt forskrift Ferðamálastofu og unnin á sambærilegan hátt fyrir alla landshluta. Hún er sameiginleg viljayfirlýsing um hvernig stýra skuli áfangastað yfir ákveðið tímabil. Hlutverk mismunandi hagaðila voru skilgreind, aðgerðaáætlun sett fram og farið var yfir hvernig auðlindum skyldi ráðstafað. Markmiðið var að gera framtíðaráætlun til að laða að þá ferðapjónustu sem fólk vill fá inn á svæðið og til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Árlega sendir Markaðsstofa Norðurlands á sveitarfélögin hver verkefnastaðan sé og hvort uppfæra eigi áætlunina. Okkur langar því að að biðja ykkur um að líta yfir núverandi verkefni í áfangastaðaáætlun og ræða hvort þetta séu verkefni sem eiga enn við, hvaða verkefni eigi að setja í forgang og hvort önnur verkefni eigi heima þarna inni. Hægt er að sækja fjármagn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í verkefnin en verkefni sem eru þar inni skora 10 stig af 80 stigum þegar verið er að úthluta.

Áherslur 2024 og 2025 eru hér að neðan.

Áfangastaðaáætlun Langesbyggð 2025

Verkefni 1: Uppbygging við Stóra Karl

Á Skoruvíkurbjargi er einstakur útsýnispallur, Járnkarlinn, sem stendur út af bjarginu þar sem sjá má yfir klettadranginn Stóra Karl en þar er fágætt súluvarp og fjölda bjargfugla og stórfenglegt útsýni á hafút. Bæta þarf aðgengi við útsýnispallinn. Afmarka þarf bílastæði til að koma í veg fyrir hættu þegar ferðamenn stoppa út í vegkanti til að ganga út á pallinn. Að keyra að útsýnispallinum er 45 mínútna keyrsla frá Þórshöfn og engin salerni á Langesinu það er því mikilvægt að koma upp almenningssalerni. Þá er nauðsynlegt að setja niður upplýsingaskilti um þá bjargfugla sem má sjá þegar horft er yfir Stóra Karl.

Helstu verkliðir: Afmarka bílastæði, útbúa almenningssalerni, setja niður upplýsingaskilti um fuglalífið í bjarginu.

Á framkvæmdastigi

 Sjá staðsetningu á korti

Verkefni 2: Fontur og Langesröstin

Fontur er nyrsti oddi Langes og stendur þar viti. Svæðið er þekkt fyrir viðfeðmt landslag, bratta kletta og fjölbreytt fuglalíf með útsýni yfir Norður- Atlantshafið sem gerir Font vinsælt stopp ferðamanna á leið sinni um Langesið. Bílar keyra í einhverjum tilfellum að vitanum þar sem er hætt á náttúruspjöllum og töluverð fallhætta. Með afmörkun bílastæðis og skiltagerð er hægt að tryggja betri upplifun ferðamanna sem heimsækja vitann.

Helstu verkliðir: Lagfæring á bílastæði, afmörkun bílastæðis, setja niður öryggismerkingar, Setja niður upplýsingaskilti um sögu vitans og Langesröstina.

Í undirbúningi

 Sjá staðsetningu á korti

Verkefni 3: Hæðin við Sauðanes

Á hæðinni við Sauðanes stendur Sauðaneskirkja og Sauðaneshús sem eru merkir staðir í sögu Langaness en í Sauðaneshúsi er nú safn. Á hæðinni er fallegt útsýni yfir Langanes. Einhver upplýsingaskilti um Sauðanes standa í vegkanti við afleggjara að Sauðaneshúsi og kirkju. Hætta getur skapast þarna þegar ferðamenn stoppa. Mikilvægt er að gera gott bílaplan og endurnýja skiltin sem fyrir eru sem eru orðin lúin.

Helstu verkliðir: Gera bílaplan á hæðinni við Sauðanes, endurnýja upplýsingaskilti.

Í undirbúningi

 Sjá staðsetningu á korti

Verkefni 4: Göngupallur við hafnargarðinn á Þórshöfn

Við suðurenda grjótgarðs hafnarinnar á Þórshöfn er búið að útbúa lítið útskot og upplýsingaskilti um höfnina enda fallegt útsýni yfir hafnsækna starfsemi á Þórshöfn frá þessu stað. Framtíðarplön snúa að því að gera bílastæði þar sem núverandi útskot er og 400 m göngupall út á hafnargarðinn með útsýnispalli við endann með stórfenglegu útsýni yfir hafið, þorpið og höfnina.

Verkið er skipt í þrjá áfanga: Fyrsti áfangi – bílastæði við upphaf hafnargarðs, annar áfangi – 200 m pallur út á hafnargarðinn, þriðji áfangi – 200m pallur til viðbótar út á enda hafnargarðsins.

Í undirbúningi

 Sjá staðsetningu á korti

Verkefni 5: Gönguleið að Draugafossi

Draugafoss er í nágrenni við Bakkafjörð, er 10–15 m og er í 800m göngufjarlægð frá vegi. Leiðin er stikuð. Hætta getur skapast þegar ferðamenn leggja út í vegkanti. Mikilvægt að gera gott útskot með upplýsingum um gönguleiðina og upplýsingaskilti.

Helstu verkþættir: Gera lítið bílastæði við upphaf gönguleiðar, setja niður upplýsingaskilti um gönguleið og fossinn.

Í undirbúningi

 Sjá staðsetningu á korti

Áfangastaðaaætlun Langanesbyggðar 2024

Langanesbyggð

Langanesbyggð skilaði upphaflega ekki inn verkefnum en bætti úr því árið 2021 og skilaði inn 5 verkefnum. Þar bjuggu 598 íbúar, 1. janúar 2022 og er stærð sveitarfélagsins 1.332 km² (með þeim fyrirvara að erfitt er að nálgast tölur vegna nýlegrar sameiningar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Verkefni 1: Stóri Karl

Helstu verkliðir: Hanna og setja upp upplýsingaskilti um fugla (bjargfugl og súlu) og fjarlægja skilti sem fyrir er. Bæta aðgengi fatlaðra sem er mjög erfitt.

Verkefni 2: Fontur

Bílar nálægt vitanum skemma útsýni og bílastæði illa merkt og illa afmarkað. Með verkefninu er meiningin að hefta för vélknúinna tækja að vitanum, þó þannig að umsjónaraðilar komist að vitanum. Þannig er ætlunin að tryggja betri upplifunin þeirra ferðamanna sem heimsækja vitann. **Helstu verkliðir:** Lagfæringar á bílastæði, merking á stæðinu, setja upp upplýsingaskilti um sögu vitans og um Langanesröstina.

Verkefni 3: Hæðin við Sauðanes

Hæðin er mjög góður staður fyrir upplýsingar um Langanesið og Sauðaneshúsið.

Helstu verkliðir: Gera bílaplan eða útskot og setja upp upplýsingaskilti um fuglalíf, búsetu og lausagöngu búfjár.

Verkefni 4: Stapinn við Bakkaflóa

Markmiðið er að vekja athygli á sérstakri náttúrusmíð við ströndina með miklu fuglalífi.

Helstu verkliðir: Setja upp þjónustuskilti E0262 - gonguleið og E02.66 fuglaskoðun.

Hönnun og uppsetning á fræðsluskilti um fugla og jarðfræði.

Verkefni 5: Gunnólfsvíkurfjall

Markmiðið er að gera betra aðgengi að fjallinu þar sem eitthvert besta útsýni er yfir

Langesið. Vegurinn upp á fjallið er lokaður með keðju í u.þ.b. 200 m hæð en fjallið er

rúmir 700m. Vinna þarf í að fá betra aðgengi á fjallið. **Helstu verkliðir:** Gert hefur verið

bílastæði / hringtorg ofar í fjallinu á afar fallegum stað með útsýni yfir Bakkaflóa. Ræða

þarf við Lhg um að hækka keðjuna upp að hringtorginu við fyrstu beygju.

Vatnsverndarsvæði er á þessum stað og þarf að girða í kringum það.

Framkvæmdarsjóður ferðamanna og

Umsóknafrestur 7. október til 4. nóvember.

Framkvæmdarsjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsýsion sveitarfélaga og einkaaðila.

1. Þjónusta/aðstaða á ferðamannastað eða ferðamannaleið
 - a. Verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga á að gera hann að slíkum – ný uppbygging.
 - b. Nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins og/eða tengjast öryggi eða náttúruvernd.
2. Úrbætur vegna náttúruverndar og/eða öryggis á ferðamannastað eða ferðamannaleið
 - a. Verkefni þar sem verið er að bæta eða lagfæra núverandi aðstöðu á ferðamannastað sem tengist öryggi eða náttúruvernd.
 - b. Aukin afköst við móttöku ferðamanna en þjónustustig er ekki hækkað. Ef um skipulags- og/eða byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða, þá þarf að velja leið 1 – þjónusta/aðstaða á ferðamannastað/ferðamannaleið.

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd og uppbyggingu.
- Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

